

65 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir sjúkrasjóðinn „Samúð“ á Bildudal, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 22. júní 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrasjóðinn Samúð í Bildudal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Sjúkrasjóðurinn Samúð“ og er í fyrstunni stofnaður fyrir forgöngu Kvenfélagsins Framsókn í Bildudal og er samkvæmt síðasta ársreikningi kr. 2496.41.

2. gr.

Sjóðurinn er eign hreppsþúa Suðurfjarðahrepps, en hagnýta má hann þó aðeins á þann hátt, sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, einn úr hjúkrunarfélaginu Samúð, einn úr kvenfélaginu Framsókn og einn úr hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, allir kosnir til þriggja ára þannig að einn maður gengur úr stjórninni á hverju vori. Í fyrsta og annað sinn eftir hlutvarpi. Eftir fyrstu kosningu fer þannig fram kosning á einum manni í stjórn á hverju ári. Menn þessir hafa á hendi umsjón sjóðsins og reikningshald. Þeir annast um að hann sé á vöxtum í tryggum opinberum sjóði. Þeir gera og árlega grein fyrir reikningum sjóðsins gagnvart hjúkrunarfélaginu Samúð, kvenfélaginu Framsókn og hreppsþúum. Auk þessa annast þeir og allt það, er að hjálparstarfsemi sjóðsins lýtur (sbr. 4. og 5. gr.) í samráði við héraðslæknir, sem ákveður hvar og hverjum hjálpa skuli, ef ágreiningur verður.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka sjúklinga og sjúkraheimili í Suðurfjarðarhreppi með hjálp og hjúkrun eða fjárframlögum.

5. gr.

Árlega má verja allt að $\frac{4}{5}$ af vöxtum sjóðsins til styrktar fátækum sjúklingum, einum eða fleirum eða sjúkraheimilum innan Suðurfjarðahrepps. Skal það vera aðalregla að styrkja þá sjúklinga sérstaklega, sem ekki verða fluttir á sjúkrahús; þó hefir stjórn sjóðsins óbundnar hendur í þessu efni, aðeins að styrkur sá, er sjóðurinn kann að veita, komi að sem beztum notum.

6. gr.

Árlega skal leggja minnst $\frac{1}{5}$ af vöxtum sjóðsins við höfuðstólinn auk þess það, sem sjóðnum kann að hlotnast af öðrum tekjum, t. d. gjöfum, tillögum félagsmanna o. fl.

7. gr.

Verði sú breyting á, að hjúkrunarfélagið Samúð og kvenfélagið Framsókn, annað eða bæði, leggi niður starf sitt, þá tekur hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, að einu eða öllu leyti, stjórn sjóðsins og starfsemi í sínar hendur.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að hún nái ekki tilgangi sínum að fullu. Og því aðeins skulu breytingartillögur fá gildi, að þær hafi eindregið fylgi stjórnarinnar og séu samþykktar á hreppsfundi með $\frac{3}{4}$ atkvæða, að minnsta kosti. Ákvæðum 2. og 4. gr. má aldrei breyta.

9. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leitað konunglegrar staðfestingar.

Bildudal, 18. apríl 1933.

Í stjórn Sjúkrasjóðsins Samúð

Guðrún Pálsdóttir. Kristín Magnúsdóttir. S. Vagnsson.

AUGLÝSING

um þátttöku Íslands í alþjóðasamþykktinni frá 31. maí 1929
um öryggi mannlífa á sjónum.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55, 23. júní 1932, um viðauka við lög nr. 58, 14. júní 1929, eru sett eftirfarandi fyrirmæli.

1. gr.

Alþjóðasamþykktin frá 31. maí 1929 um öryggið á sjónum gengur í gildi af Íslands hálfu þegar í stað.

2. gr.

Skylda sú, er hvílir á íslenskum skipum til að hafa fengið skirteini þau, sem skipum er skylt að hafa samkvæmt nefndri alþjóðasamþykkt, kemur þó fyrst til framkvæmda, er hlutaðeigandi skip hefir verið skoðað hér á þessu ári, eða erlendis í umboði ríkisstjórnarinnar, sbr. heimild í 3. gr. laga nr. 55, 1932. Þó skulu öll íslensk skip, er alþjóðasamþykktinni lúta, hafa fengið nefnd skirteini fyrir 1. janúar 1934.

Framkvæmd eftirlitsins skal byggð á fyrirmælum í alþjóðasamþykktinni.

Þetta tilkynnist hlutaðeigendum til eftirbreytni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júlí 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.